

3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, skulu renna í ríkissjóð til ársloka 1934. 50
19. júní
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1934.
5. Framkvæmd 12. gr. laga nr. 40 7. maí 1928, um breyting á jarðræktarlögum, nr. 43 20. júní 1923, er frestað á árinu 1934.
6. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1934.
7. $\frac{1}{8}$ hluti þeirra tekna, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54 7. maí 1928, um menningarsjóð, skal frá 1. jan. 1934 til loka s. á. renna í ríkissjóð. Sjóðnum skal skylt að kaupa landinu til handa náttúrufræðisafn Guðmundar G. Bárðarsonar eftir mati þriggja manna, er ríkisstjórnin tilnefnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

51
19. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

6. gr. A. II. 2. 1. málsg. orðist svo:

Samvinnufélög. Þau greiða útsvar af arði síðasta útsvarsárs, sem leiðir af skiptum við utanfélagsmenn, eftir sömu reglum og kaupmenn sama staðar. Skattanefnd ákveður arð þennan, enda láti félagið nefndinni í té glögga skýrslu um skipti sín við utanfélagsmenn og ágóða af þeim. Annarskostar áætla skattanefnd arð af skiptum þessum, og byggist útsvarið á því.

- 51** 19. júní Úrskurði skattanefndar má skjóta til yfirskattanefndar og ríkisskattanefndar, eftir sömu reglum og gilda um áfrýjun útsvara, hvort heldur er sérstökum eða ásamt kæru yfir aukaútsvari því, sem niðurjöfnunarnefnd hefir lagt á arð af þessum viðskiptum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.

52

19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 55 7. maí 1928, um bann gegn dragnótaveiðum í landhelgi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 55 1928 bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Á svæðinu frá Hjörleifshöfða vestur um til Látrabjargs skulu veiðar með dragnótum leyfðar í landhelgi frá 15. júní til 30. nóvember ár hvert. Á Breiða-firði og Faxaflóa skal slík veiði þó aðeins heimil skipum, sem skrásett eru inn-an lögsagnarumdæma, er að þeim liggja, öðrumhvorum eða báðum.

2. gr.

Ákvæði 8. gr. laganna falla niður að því er snertir það svæði, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Guðmundsson.